

ingum á engjum prestsetrsins Arnarbælis þannig, að lánið ávaxtist og endrborgist af prestakallinu á þeim tíma, sem stiptsyfirvöldin nákvæmar til taka. Stiptsyfirvöldin hafa að fengnu álitit kunnugra manna á umgetnum vatnsveitingum, sem staðhæfir að þær muni verða til mikilla hagsmuna fyrir prestakallið, og auka slægjuland og heyföng þess að miklum mun, og að viðhald veitingaskurðanna ekki geti álitist að leggja eptirkomandi prestum í kallinu neina þunga byrði á herðar, þar sem það verði að álita sjálfsagt, að veitingaskurðirnir við prestaskipti verði teknir út með prestsetrinu, ef á þarf að halda með fullu ofanálagi, — mælt með hinni fyrirbyggjandi bænarskrá með þessum skilmálum.

1. Að umgetið 600 rd. lán hvíli á Arnarbælis prestakalli þannig, að það gjaldi árlega vexti af láninu, og endrborgi það með $\frac{1}{20}$ árlega hin næstu ár, eptir að það er þegið, og

2. Að lánið sé bundið við það, að prestrinn fyrirfram með hreinum og greinilegum reikningi sanni, að búið sé að framkvæma jarðabætur þær, sem um er getið, þannig að þær að minsta kosti hafi kostað jafnmikið og láninu nemr.

Út af þessu skal hér með þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigðendum, að eg samkvæmt framannefndum tillögum stiptsyfirvaldanna og með þeim skilmálum, er þær til taka, hér með samþykki, að leggja megi 600 rd. lán sem embættislán á Arnarbælis prestakall til framkvæmdar ofannnefndum vatnsveitingum.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

Í þóknanlegu bréfi frá 2. f. m. hefir hr. amtmadrinn lagt það til, að samþykki megi veitast til að verja 100 rd. af jafnaðarsjóði vestrantsins til að kaupa hin nauðsynlegustu læknisáhöld handa settum héraðslækni í Stranda- og suðrhluta Bárðastrandarsýslu Ólafi Sigvaldasyni, þannig að þessi áhöld fylgi embættinu sem inventarium. Þar hjá hafið þér látið í ljósi, að þér áður með samþykki dómsmálastjórnarinnar hafið veitt sama lækni 28 rd. 8 sk. af jafnaðarsjóði vestrantsins til að kaupa læknisáhöld fyrir.

Þar sem eg er hr. amtmanninum samdóma í því, að hina settu héraðslækna ekki siðr en hina föstu héraðslækna beri að gjöra færa um að útyega sér þau verkfæri, sem virðast mega óumflýanleg fyrir læknisembættin, skal samþykki mitt hér með veitt til þess, að verja megi alt að 100 rd. af jafnaðarsjóði vestrantsins í umgetnum tilgangi með því skilyrði, að ekki verði keypt önnur chirurgisk áhöld en þau, sem landlæknirinn telur óumflýjanlega nauðsynleg fyrir læknisdæmið.

Bréf landshöfðingjans (til stiptsyfirvaldanna).

Stjórnarnefnd stiptsbókasafnsins hefir í bréfi frá 6. f. m. skýrt frá, að bókasafnið á þessu ári hafi í tilefni af 1000 ára hátíð Íslands eignast að gjöf stórmikið safn af góðum bókum bæði frá fornfræðafélaginu í Kaupmannahöfn, frá Vestrheimi, og frá fleiri öðrum stöðum, og að stjórnarnefndinni þyki því full þörf á að láta prenta lista yfir þessar bækur, og senda hann gefendunum; en hún hefir líka farið þess á leit, að þar sem eigin efni stiptsbókasafnsins sé ærið ónóg til að standast þann kostnað, sem af því fljóti, og sem, með því að listian muni verða 6—7 arkir að stærð, eptir áætlun verði als 200 rd., þá megi það fæ, sem til þessa fyrirtækis útheimtist, verða greitt af upphæð þeirri, sem í áætlun um tekjur og gjöld Íslands fyrir yfirstandandi ár er ákveðin til óvissra og ófyrirséðra gjalda.

Út af þessu skal eg hér með þjónustusamlega tjá stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og auglýsingar fyrir stjórnarnefnd stiptsbókasafnsins, að eg af upphæð þeirri,

8
17da
ágúst.

9
14da
septbr

10
19da
septbr.

10
19da
septbr.

sem fyrir fyrstandandi ár er veitt til óvissra og ófyrirséðra útgjalda Íslands, mun láta til umráða nefndarinnar allt að 175 rd. til að gefa út prentaðan lista yfir ofan nefndar gjafa- bækur, þó svo, að fjárveiting þessi ekki fari fram yfir 25 rd. fyrir hverja örk prentaða af listanum, og verðir þetta fæ ávísað til útborgunar úr jarðabókarsjóðnum jafnskjótt og prentun listans er lokið.

Bréf landshöfðingjans (til landfógetans).

11
19da
septbr.

Samkvæmt því, er ráðgjafinn fyrir Ísland hefir tjáð mér, mun fjárhagsstjórnin til þess að nægr forði verði af hinnu nýu krónumynt hér á landi um það leyti, sem peningalögin frá 23. maí 1873, sbr. augl. 25. september 1873 um hina nýu reikningaeining, má laga- gildi, og er það eptir auglýsingu 6. júní þ. á. 1. janúar 1875, gjöra ráðstöfun til að neð- annesfndar upphæðir af smápeningum þeim, sem tilteknið eru í peningalögunum 23. maí 1873, verði smátt og smátt sendir hingað:

213,000 25-aurapeningar. = 53,250 krónur

213,000 10 — — — — — = 21,300 —

74,000 5 — — — — — = 13,550 —

213,000 2 — — — — — = 4,260 —

142,000 1 eyrispeninga = 1,420 —

og er þessi peningamergð ætluð til að vera 3 fyrir nef hvert á landinu af 25-, 10- og 2-aurapeningunum 2 af eyrispeningunum og 1 af 5-aurapeningunum.

Nefnda upphæð, alls 83,780 krónur, hvar af 23,800 krónur eru komnar með síðasta póstskipi, vildi hr. landfógetinn jafnótt og þær verða afhentar yðr meðtaka í jarðabókarsjóðinn, sem tekjur fyrir aðalríkissjóðinn í Kaupmannahöfn. Til þess að útbýtingin á ofan nefndum peningum geti átt sér stað með þökkornveginn jöfnuði um allt landið, og til þess að mönnum gefist færi á að eignast nauðsynlega smá- peninga til 1 jan. 1875, verðir að senda með 2 síðustu póstumum í öðr, þessum gjalde- heimtumöndum, bærfógetanum á Akureyri og Ísafirði og sýslumönnum í Suðurmúla- og Suðfellsnes-sýslum smápeninga þá, er hér segir, hverjum fyrir sig:

1000 25-aurapeninga = 250 krónur

1000 10 — — — — — = 100 —

500 5 — — — — — = 25 —

2500 2 — — — — — = 50 —

500 1 eyrispeninga = 5 —

og hverjum fyrir sig af hinum öðrum sýslumönnum landsins

500 25-aurapeninga = 125 krónur

500 10 — — — — — = 50 —

200 5 — — — — — = 10 —

500 2 — — — — — = 10 —

500 1 eyrispeninga = 5 —

Fyrir þessum upphæðum, skulu sýslumenn senda landfógeta kvittanir með póstum aptr, þog gjöra grein fyrir þeim í sýslureikningum sínum fyrir fyrstandandi og næsta reikningsár, efi þeir kjósa ekki heldr að borga andvirði þeirra þegar í stað inn í jarða- bókarsjóðinn.

Þar eð yfirvöld þau, sem forði verðr sendr af hinum nýu smápeningum, ekki mega láta hina aðrgildandi smáskildinga út eptir 1. jan. 1875, verðr hr. landfógetinn að áhast um, að þessir síðarnefnda smáskildingar, að því leyti þeir renna inn í jarðabókarsjóðinn, verðr ekki látnir út aptr, heldr sendir inn í aðalríkissjóðinn í Kaupmannahöfn.